



# Um 150 Íslendingar hafa lokið læknanámi ytra frá árinu 2010

● Langflestir frá Ungverjalandi og Danmörku ● Allir þurfa að ljúka kandiðatsári

Baldur Arnarson  
baldura@mbl.is

Frá árinu 2010 hafa 149 Íslendingar lokið læknanámi erlendis. Þar af hafa 136 lokið náminu í Danmörku eða Ungverjalandi.

Þetta kemur fram í svari Landlæknis við fyrirspurn blaðsins.

Tilfnið er metfjöldi íslenskra námsmanna sem leggja stund á læknisfræði við Comenius-háskóla í bænum Martin í Slóvakíu. Fram kom í Morgunblaðinu nýverið að um 160 Íslendingar verða þar í námi í haust. Vegna fjöldans er rætt um „litla-Ísland“ í háskólaþorpinu.

Samkvæmt heimildum blaðsins hafa fjórir Íslendingar útskrifast sem læknafrá Slóvakíu. Þá hafa nokkrir útskrifast frá læknaskóla í Danmörku eftir að hafa lokið fyrri hluta námsins í Slóvakíu. Læknánámið er sex ára nám.

## Fjöldatakmörkanir við HÍ

Til samanburðar eru nú 50 teknir inn með inntökuprófi á haustönn við læknadeild Háskóla Íslands.


Áður var Numerus Clausus við læknadeildina. Var þá öllum sem uppfylltu tiltekin skilyrði frjálst að hefja námið en í lok haustannar var hluti nemenda sigtaður út. Lengi vel voru 36 nemi teknir inn í námið en síðasta árið, 2002, voru þeir 48.

Fram kom í *Læknablaðinu* á sínum tíma að um áramótin 2001/2002 var síðasti nemandinn sem komst áfram með 8,24 í meðaleinkunn. Af

## Íslendingar í læknanámi erlendis

**149** Íslendingar hafa lokið læknanámi erlendis frá árinu 2010

Land	Fjöldi
Austurríki	1
Bretland	2
Búlgaría	1
Danmörk	60
Frakkland	1
Grikkland	1
Lettland	1
Noregur	3
Rússland	1
Síle	1
Slóvakía	2
Svíþjóð	6
Ungverjaland	66
Þýskaland	3
<b>Samtals</b>	<b>149</b>



**123** erlendir ríkisborgarar hafa sótt um starfsréttindi sem læknafrá á Íslandi frá árinu 2010

því leiðir að góðir nemendur komust ekki í gegnum nálaraugað.

Háskóli Íslands er eini skólinn sem kennir læknisfræði á Íslandi.

Landlæknir var spurður um starfsréttindi þeirra Íslendinga sem ljúka læknanámi í Slóvakíu.

Svarið var að í „regluverki sem gildir um lækna er gerð krafa um að

þeir sem útskrifast með embættispróf frá háskólum, til dæmis í Ungverjalandi eða Slóvakíu, þurfa að ljúka 12 mánaða kandiðatsári áður en þeir geta sótt um almennt lækningsaleyfi“. Þó kunni ákvæði í Evrópuútlisákvæði að koma til skoðunar í einstaka tilvikum. Þ.e. að ekki þurfi að taka kandiðatsár á Íslandi.

Þá fékkst það svar að 61 íslenskur nemi lagði stund á læknisfræði í Ungverjalandi í maí sl. Alls eru því á þriðja hundrað Íslendingar að læra læknisfræði í Ungverjalandi og Slóvakíu. Þá fengust þær upplýsingar frá Landlækni að 123 erlendir ríkisborgarar hefðu fengið starfsleyfi sem læknafrá á Íslandi frá árinu 2010.

**160** íslenskir nemi eru nú við nám á 1.-6. námsári í læknisfræði í háskólabænum Martin í Slóvakíu

**61** íslenskur nemi er nú við nám á 1.-6. námsári í læknisfræði í Ungverjalandi

Heimild: Embætti landlæknis